



Alþingi
Erindi nr. P 122/1688
komudagur 2.4.198

2. apríl 1998.

Allsherjarnefnd
Alþingis.


Í framhaldi af bréfi, dags. 18. mars 1998, vill Áfengisvarnaráð koma eftirfarandi athugasemd á framfæri:

Undanfarið hafa birst í fjölmiðlum erlendis fréttir um vandamál sem upp hafa komið vegna svonefnds „duftáfengis“, sbr. duftkaffi. Þessi vara er víða komin á markað og hefur stuðlað að auknu aðgengi barna og unglinga að áfengi.

Í skilgreiningu á áfengi í nýju frumvarpi til áfengislaga er einungis minnst á „neysluhæfa“ vökva. Í núgildandi lögum er orðið „neysluhæfur“ ekki notað í þessu sambandi og færi best á að sleppa því. Í þeim lögum segir: „Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.“

Hafi verið ástæða til að hafa þetta ákvæði með þegar gildandi áfengislög voru sett er brýn nauðsyn að hafa slíkt ákvæði í lögum nú.

Virðingarfyllst,
f. h. Áfengisvarnaráðs


Ólafur Haukur Árnason